

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1934.

Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af kirkjumálaráðherra 25. júlí 1934 (nr. 46).

Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar mánudaginn 1. október 1934, undirskrifað af konungi 5. september 1934 (nr. 47).

Konungsbréf um setning Alþingi, undirskrifað af konungi sama dag (nr. 48).

Bráðabirgðalög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., undirskrifuð af konungi 10. september 1934 (nr. 49).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 16. september 1934 (nr. 50).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 23. september 1934 (nr. 51).

Bráðabirgðalög um bann gegn útflutningi á sildarmjöli, undirskrifuð af konungi 26. september 1934 (nr. 52).

Auglýsing um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af kennslumálaráðherra 8. október 1934 (nr. 53).

SAMÞYKKT

80

um breyting á samþykkt um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík.

2. júlí

1. gr.

Fyrirsögn samþykktarinnar verði: Samþykkt um lokunartíma rakarastofa, hárgreiðslustofa og ljósmyndastofa í Reykjavík.

2. gr.

Í stað orðanna „rakarastofum og hárgreiðslustofum“ í 1. gr. og 2. gr. samþykktarinnar komi: rakarastofum, hárgreiðslustofum og ljósmyndastofum.

3. gr.

Í stað orðanna „rakarastofur eða hárgreiðslustofur“ í 3. gr. og 4. gr. samþykktarinnar komi: rakarastofur, hárgreiðslustofur eða ljósmyndastofur.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928 um viðauka við þau lög, er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 15. júlí 1934.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júlí 1934.

Þorsteinn Briem.

Vígús Einarsson.